



1. FUNDUR Á MIÐÖNN 2021-22, MIÐVIKUDAGINN 24. NÓV. KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Premur umsóknum um að vera í fjarnámi fjóra daga – Hafnað en leyfi veitt frá skólasókn.

Beiðni um mat á íþróttaiðkun aftur í tímann - Hafnað.

Beiðni um leyfi úr tíma til að stunda íþrótttaæfingar á skólatíma – Hafnað

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Framundan er ýmislegt á vegum NFFG en þó veður ekki hægt að halda Salsaball vegna samkomutakmarkana. Stefnt er á að halda ballið við fyrsta tækifæri. Dregið verður í Morfís keppninni fljótlega og munu verða gerðar athugasemdir ef FG lendir í 7. sinn á móti MA fyrir norðan.

3. Önnur mál

Fyrirhuguð útskriftarferð næsta vor er hvorki á vegum skólans né nemendafélagsins. Eggjakast í skólann hefur verið síendurtekið í haust og útheimt mikla vinnu frá skólaliðum og húsverði við hreinsun. Flensborgarskólinn hefur lent í þessu líka og ef áframhald verður á þessu mun FG – Flensborgardagurinn verða tekinn af dagskrá.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Helgi Már Herbertsson, fulltrú NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Kristófer Breki Halldórsson, fulltrú NFFG

Gunnar Hólmsteinn Ársælsson, kennari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnadóttir, félagsmálafulltrúi